



Reykjavík, 25. mars 2021

R20090057

610

mmk

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### *Arnarnesvegur - skipulagslýsing*

Á fundi borgarráðs þann 25. mars 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 24. mars 2021 á kynningu á lýsingu að deiliskipulagi Arnarnesvegar, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Framlenging Arnarnesvegar ásamt gatnamótum við Breiðholtsbraut er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem m.a. kveður á um gerð borgarlínu og umfangsmikla lagningu hjólastíga í sveitarfélögunum. Áætluð framkvæmd tryggir að ekki sé gengið á svæði fyrirhugaðs vetrargarðs og að fyrirhuguð gatnamót gangi ekki of freklega á land og umhverfi um leið og gætt verður að öryggi allra vegfarenda.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt samgöngusáttmála átti að ljúka við gerð nýrra gatnamóta við Arnarnesveg á yfirstandandi ári. Ljóst er að skipulagsmál í Reykjavík hafa tafið það. Réttast hefði verið að gera breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur árið 2019 til að unnt væri að standa við framkvæmdaáætlunina. Það var ekki gert. Enn á eftir að auglýsa breytingar á deiliskipulagi og aðalskipulagi þar sem hér er aðeins verið að samþykkja að auglýsa deiliskipulagslýsingu sem er eitt skref af mörgum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Skýrsla um lokaáfangi Arnarnesvegar er miklum annmörkum háð. Hér er ekki fjallað

um valkosti heldur er einum kosti stillt upp. Annar augljós kostur er að leggja veginn í Tónahvarf, tvöfalda veg þaðan að Breiðholtsbraut og gera stórt hringtorg á mótum þeirra vega. Hvers vegna eru mismunandi kostir ekki bornir saman? Á síðustu 18 árum hefur margt breyst. Umferðarlíkanið sem stuðst var við í upphaflega matinu er úrelt. Umferðin á fyrsta áfanga Arnarnesvegur hefur nú þegar náð efri mörkum umferðar í matinu og ætlar Vegagerðin samt að tengja Salahverfi við Breiðholtsbraut með tilheyrandi stofnbrautarumferð. Endurmeta þarf áhrif stóraukinnar umferðar með tilliti til mengunar og fleiri þátta, í návígi við fjölmenn íbúðahverfi. Ný hverfi í nánd við veginn hafa verið byggð eftir að umhverfismat var gert og gert er ráð fyrir vetrargarði í Vatnsendahvarfinu. Í Kópavogi á að byggja 4.000 manna byggð efst í Vatnsendahvarfi næstu ár sem ekki hefur verið tekið með inn í reikninginn. Meirihlutinn hefur ekki gert neitt til að reyna að fá nýtt umhverfismat og ætlar að bjóða börnum upp á að leika sér í vetrargarði og á skíðum í mengunarskýi. Það er erfitt að sjá að vetrargarðurinn geti þróast þar sem svo mjög er þrengt að honum.



Helga Björk Laxdal  
e.u.